
NORÐFIRÐINGUR

1. tölublað 1989

13. árgangur

SÓLARKAFFI

Norðfirðingafélagsins verður haldið í
Safnaðarheimili Bústaðarkirkju sunnudaginn
29. jan. 1989 kl. 15.³⁰.

Dagskrá:- Við drekkum saman sólarcaffi
með heimabökuðum sólarpönnukökum
og röbbum saman.

??????

Mætum öll í sólskinsskapi.

Viðtakandi:

Eyþór Einarsson
Bústaðaleid 66
105 Reykjavík

Aðalfundur Norðfirðingafélagsins var haldinn í Safnaðarheimili Bústaðarkirkju sunnudaginn 4. des. s.l. Fundurinn var afar vel sóttur og jólahugur meðal fundarfólks.

Eins og fram hefur komið voru 20 ár frá stofnun Norðfirðingafélagsins hinn 20. nóv. s.l. og af því tilefni gæddum við okkur á afmælistertu á þessum jóla- og aðalfundi að viðbættum kleinum (uppskrift frá Norðfirði) svo og flatbrauði og hangikjöti.

Aðalfundarstörf gengu fljótt og vel fyrir sig að venju undir stjórn Pálmars Magnússonar, sem stjórnaði fundi af röggsemi. Bestu þakkar Pálmur.

Stjórn félagsins var að nýju öll endurkosin en hana skipa Elsa Christensen formaður, Jón Guðmundsson varaformaður, Ólöf Hannesd. gjaldkeri, Jóhanna Óskarsdóttir ritari og Guðni Stefánsson, Halldóra Axelsdóttir og Hákon Björnsson meðstjórnendur, en þau sækja ávallt stjórnarfundum með aðalstjórn.

Gestur okkar á þessum fundi var séra Sigfinnur Þorleifsson prestur við Borgarspítalann í Reykjavík og færum við honum bestu þakkar fyrir komuna.

Okkur öllum að óvörum kom í heimsókn á fundinn Karlakórinn Stefnir úr Mosfellbæ (50 karlar), sem voru á ferð í Reykjavík að syngja fyrir Hringskonur. Þeir létu sig ekki mun um að koma við hjá okkur og syngja nokkur lög við mjög góðar undirtektir fundargesta. Stjórnandi Stefnis er Norðfirðingurinn og innbæingurinn Lárus Sveinsson. Þökkum við Lárusi og þeim "Stefnisstrákum" kærlega fyrir komuna og óskum þeim alls hins besta og söngbrautinni.

Athygli skal vakin á árshátíð Norðfirðingafélagsins, sem er ekki er nú bara venjuleg árshátíð, heldur afmælishátíð og verður sú samkoma að venju í Víkingasal Hotels Loftleiða laugardaginn 11. mars. n.k.

Norðfirðingur mun koma út eins og venjulega fyrir árshátíðina og greina ykkur nánar frá samkomunni svo sem hver verður heiðursgestur, skemmtiatr. og að sjálfsögðu hvað verður að borða.

Við í stjórninni vonumst til að sjá ykkur sem flest á sólarcaffinu og ættum við nú einnig að fjölmenna á afmælishátíðina hinn 11. mars n.k.

Að endingu viljum við hvetja alla félagsmenn sem eiga eftir að greiða félagsgjöld sín að gera það hið fyrsta.

Einnig viljum við vekja athygli á að sólarcaffið hefst kl. 15.30.

Nú mætum við öll í sólskinskapi !!!!!

Stjórnin.

Norðfirðingur

Útgef. af Norðfirðingafélagið,

Espigerði 4 9G,

Reykjavík.

Ritstj. Elsa Christensen.